



Málsnúmer: 2111093/0

ERINDISBRÉF

Starfshóps um mótun framtíðarsýnar Stríðsárasafns

Ábyrgð: Bæjarráð

Markmið: Að hópurinn móti framtíðarsýn fyrir Stríðsárasafnið á Reyðarfirði.

Verkefni: Hópurinn vinni stöðumat á núverandi safnastarfsemi og leggi mat á vænt og möguleg tækifæri til að þróa og byggja húsakost safnsins og sýningum þess til framtíðar. Hópurinn vinni tillögur um fyrirkomulag, varðveislu og nýtingu safnmuna Hinriks Steinssonar til að auka gildi safnsins. Unnin verði tillaga að útfærslu og nýtingu núverandi húsnæðis ásamt þörf fyrir uppgerð eldri húsa á svæðinu, viðbyggingar eða nýbyggingar í skyssuformi. Skoðað verði mögulegt fyrirkomulag rekstrar safnsins og tækifæri til að safnið fái viðurkenningu eða ábyrgðarhlutverk skv. safnalögum. Þá leggi hópurinn til hvernig staðið yrði að hönnun og kostnaðarmati framkvæmda ásamt því að leggja fram tillögur um skiptingu verkáfanga sé það kostur og tímaplan fyrir framkvæmd og aðgerðir.

Einstök efnistök, verkefni og afurðir:

- 1 Stöðumat.
- 2 Framtíðarsýn og stefnumörkun
- 3 Áætlun um forvörslu muna og breytingu á uppsetningu sýninga
- 4 Nýting núverandi húsnæðis og stækkunarþarfir vegna aukins umfangs starfsemi.
- 5 Uppdrættir í skyssuformi um hugmyndir að útfærslum.
- 6 Rekstraráætlun og tillögur að rekstrarformi
- 7 Fyrirkomulag hönnunar og áætlun kostnaðar.
- 8 Tíma- og áfangaskipting verkefna.
- 9 Önnur mál og atriði sem málið varða.

Starfshópurinn skipa:

1. Kjörnir fulltrúar: Formaður menningar- og nýsköpunarnefndar, Magni Þór Harðarson, og er hann jafnframt formaður hópsins. Sigurður Ólafsson og Ragnar Sigurðsson munu einnig skipa hópin skipaðir af bæjarráði.
2. Starfsmenn: Forstöðumaður safnastofnunar sem er starfsmaður nefndar, atvinnu- og þróunarstjóri og sviðsstjóri framkvæmdasviðs.

Starfsmenn og eða ráðgjafar hópsins: Sigurjón B Hafsteinsson prófessor og Valur Sveinsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Stjórnarsýsla, starfstími og skil til bæjarráðs: Starfshópurinn fundar eftir þörfum og heldur fundargerðir. Á fundi bæjarráðs 14. febrúar 2022 var nýr skiladagur niðurstaðna ákveðinn 21. apríl 2022 og lýkur þá starfstíma hópsins.

Þóknun: Þóknun er ekki greidd fyrir störf hópsins en tilfallandi útlagður kostnaður.

Fjarðabyggð 14. febrúar 2022


Jón Björn Hákonarson
bæjarráðgjafi